

Nd.

1088. Breytingartillögur

[245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. Í stað „2 436 000“ komi: 2 561 000.

2. Við 4. gr. Í stað „62 000“ komi: 74 000.

3. Á eftir 5. gr. komi ný gr. sem verði 6. gr. og orðist svo:

Próunarfélagi, sem stofnsett verður, er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 190 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnuliffi.

4. Við 7. gr. sem verður 8. gr. Í stað „1 442 000“ komi: 1 092 000.

5. 9. gr., sem verður 10. gr., orðist svo:

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 120 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. Við 10. gr. Í stað orðanna „sem nefndir eru í 3., 4., 5. og 6. gr.“ komi: sem nefndir eru í 3., 4., 5., 6. og 7. gr.

7. Á eftir 27. gr. komi ný gr. er verði 29. gr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka eða ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð afurðalán allt að 250 000 þús. kr. sem veitt hafa verið skreiðarframleiðendum vegna óseldra skreiðarborgða í árslok 1984. Ráðherra er heimilt að ákveða nánar framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.